

Stjórnarfundur UMSE nr. 754 haldinn í safnaðarheimilinu á Dalvík mánudaginn 12. október 2015, kl. 19:00.

Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Þorgerður, Þorsteinn. Forföll boðuðu Sigurður, Sigrún og Guðrún.

Bjarnveig setti fundinn kl. 19:05.

1) Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt með áorðnum breytingum.

2) Innsend bréf.

Engin bréf sem taka þurfti fyrir undir þessum lið.

3) Samningar við sveitarfélögin.

Þorsteinn greindi frá því að samningar við Dalvíkurbyggð og Eyjafjarðarsveit væru tilbúnir til undirritunar. Þeir verða væntanlega undirritaðir nú í október. Samningar við Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp eru á vinnslustigi.

4) Styrkveitingar.

a) Komnar eru 7 umsóknir í Landsmótssjóð UMSE. Sjóðsstjórnin mun hittast fljótlega og fara yfir umsóknirnar, úthlutun fer fram um næstu mánaðarmót.

b) Ferðastyrkir, seinni úthlutun ársins. Farið var yfir umsóknir sem borist höfðu um ferðastyrki UMSE.

- Hópumsókn frá Skíðafélagi Dalvíkur vegna keppnisferðar erlendis, 15 þátttakendur. Tveir þeirra höfðu fengið styrk í fyrri úthlutun ársins, því samþykkt að veita styrk vegna 13 þátttakenda, 20.000 kr. hvern þátttakanda, alls 260.000 kr.
- Andrea Björk Birkisdóttir, keppnisferð erlendis. Samþykktur 20.000 kr. styrkur.
- Arnór Snær Guðmundsson, keppnisferð erlendis. Samþykktur 20.000 kr. styrkur.
- Ástrós Lena Ásgeirsdóttir, vegna ferðar á Síamótið í Kópavogi. Hafnað.
- Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, vegna endurmenntunar- og æfingaferðar til Spánar (reiðnámskeið). Stjórn ákvað að vísa umsókninni til sjóðsstjórnar Landsmótssjóðs þar sem þessi umsókn er talin falla betur að þeim sjóði.
- Jökull Þorri Helgason, keppnisferð erlendis. Samþykktur 20.000 kr. styrkur.
- Bríet Brá Bjarnadóttir, keppnisferð erlendis. Hafnað, hún hefur þegar fengið styrk á árinu.
- Ólóf María Einarsdóttir, keppnisferð erlendis. Hafnað, hún hefur þegar fengið styrk á árinu.
- Guðni Berg Einarsson, keppnisferð erlendis. Hafnað, hann hefur þegar fengið styrk á árinu og er hluti af hópumsókn Skíðafélagsins.
- Ásrún Jana Ásgeirsdóttir, keppnisferð erlendis. Hafnað, er hluti af hópumsókn Skíðafélagsins.
- Viktor Hugi Júlíusson, ferð á Íslandsmót. Samþykktur 15.000 kr. styrkur.
- Alls samþykkt að úthluta 335.000 kr. Ferðastyrkir á árinu nema því alls 585.000 kr.

5) Sambandsþing UMFÍ .

Sambandsþingið fer fram á Vík í Mýrdal 16.-17. október næstkomandi. UMSE á rétt á þremur fulltrúum (tveir+formaður) samkvæmt kjörbréfi. Þorgerður, Þorsteinn og Bjarnveig (formaður) munu sitja þingið sem fulltrúar UMSE. Farið var yfir hvaða tillögur liggja fyrir sambandsþinginu, þar ber hæst tillaga um inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ.

6) Umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (undanþágur og endurgreiðslur til íþróttafélaga). Bréf sem barst í september þar sem farið var fram á umsögn ungmennafélaga um frumvarp sem liggur fyrir Alþingi varðandi breytingar á lögum um virðisaukaskatt þegar kemur að endurgreiðslum til íþróttafélaga (s.s. þegar um byggingu íþróttamannvirkja er að ræða). Frestur til að skila inn umsögn rann út 8. október síðastliðinn. Lagt fram til kynningar.

7) Nýr UMSE galli.

Þorsteinn fór yfir tilboð sem hann fékk frá Toppmönum og Sport varðandi nokkrar gerðir af göllum. Ákveðið var að leitast eftir því að fá svokallaðan Team-galla hjá Toppmönum og Sport, Þorsteinn mun senda póst á aðildarfélög til að fá þeirra álit.

8) Önnur mál.

Rætt um að fá fyrirlestra/fræðsluerindi á vegum UMSE nú í nóvember. Þorsteinn ætlar að athuga með að fá fyrirlesara, stefnt á að bjóða upp á fyrirlestur/erindi bæði á Hrafnagili og á Dalvík, mögulega einnig á Þelamörk. Meðal þess sem rætt var um að bjóða upp á var fyrirlestur um íþróttameiðsl og mögulegar forvarnir, auk fyrirlesturs um afreksíþróttastefnu. Einnig stendur til boða að vera með félagsmálanámskeið, mögulega hentar betur að halda það námskeið eftir áramót.

9) Tilhögun næsta fundar.

Ákveðið að halda næsta fund á Dalvík þriðjudaginn 3. nóvember kl. 18:00. Á fundinn verða boðaðir fulltrúar Sundfélagsins Ránar, Hestamannafélagsins Hrings, Skíðafélags Dalvíkur, Blakfélagsins Rima og Golfklúbbsins Hamars. Fundað verður með fulltrúum félaganna, fengin kynning á starfi félaganna og boðið upp á umræður um starfið almennt og UMSE. Stjórnarfundur UMSE mun svo hefjast í beinu framhaldi af þeim fundi.

9) Fundarslit.

Bjarnveig sleit fundi kl. 20:30.

Fundargerð ritaði Einar Hafliðason.